


- Vinnuvikan á Íslandi
- Áhrif nýrra tekjuskattsbreytinga á útborguð laun
- Landsframleiðsla og hagvöxtur 2019

HAGTÖLUR VR	
Meðalheildarlaun VR	612.000 kr.
Launavísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	2,0%
Kaupmáttarvísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	-1,0%
Atvinnuleysi félagsmanna VR	3,8%
Fjöldi félagsmanna VR	37.500

Kaupmáttarvísitala VR



Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða félagsmenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

Vinnuvikan á Íslandi

Lengd vinnuvikunnar á Íslandi skýtur upp kollinum af og til í umræðunni á Íslandi. Nokkrir mismunandi mælikvarðar eru til um hve mikið Íslendingar vinna. Ef rætt er um lengd vinnuvikunnar á Íslandi er réttast að skoða hefðbundna vinnuviku. Bæði Efnahags- og framfarastofnunin (e. OECD) og hagstofa Evrópusambandsins (e. Eurostat) birta slíkar tölur. Á mynd 1 eru tölur OECD þar sem Ísland raðast í áttunda sæti af 37 löndum með 43,3 stunda vinnuviku. Mynd 2 sýnir tölur Eurostat þar sem Ísland raðast í þriðja sæti með 44,4 stunda vinnuviku. Í báðum tilfellum er Ísland mjög ofarlega á lista. Hefðbundin vinnuvika á Íslandi er því óneitanlega lengri en í þeim löndum sem við berum okkur saman við.


OECD gefur einnig út tölur um fjölda unninna klukkustunda á ári. Þær tölur eru ekki ætlaðar til samanburðar milli landa fyrir stök ár að sögn OECD. Samtök atvinnulífsins hafa engu að síður stuðst við þessar tölur til að bera saman vinnutíma milli landa¹. Eðlilegast er að nota aðeins tölur um launamenn þegar kemur að því að ræða styttingu vinnuvikunnar en Samtök atvinnulífsins taka með sjálfstætt starfandi og aðra í sinni umfjöllun. Ef horft er til allra á vinnumarkaði (m.a. sjálfstætt starfandi) raðast Ísland neðarlega á listann. Ef aðeins er litið til launamanna er Ísland nokkuð ofarlega á lista yfir lengd vinnutíma líkt og mynd 3 sýnir.

Hér skal ítrekað að OECD varar við því að tölurnar sem sýndar eru á mynd 3 séu notaðar með þessum hætti, þ.e. til samanburðar milli landa á tilteknu ári. Tölur á mynd 3 ætti að skoða sem þróun yfir tíma eingöngu.

Þá lýsa tölurnar á mynd 3 ekki lengd hefðbundinnar vinnuviku, sem er það sem stytting vinnuvikunnar snýst um.

Mynd 1 – Lengd hefðbundinnar vinnuviku fullvinnandi í aðalstarfi


Efnahags- og framfarastofnunin



Heimild: OECD


Mynd 2 – Lengd hefðbundinnar vinnuviku fullvinnandi einstaklinga

Hagstofa Evrópusambandsins



Heimild: Eurostat

Mynd 3 – Meðalfjöldi unninna vinnustunda á ári



Heimild: OECD

¹ <https://www.sa.is/frettatengt/frettir/sjotti-stysti-vinnutiminn-medal-oecd-rikja>

Tölur OECD um meðalfjölda unninna vinnustunda á ári taka tillit til margra þátta sem snerta ekki hefðbundna vinnuviku.

Tekið tillit til

- Hefðbundins vinnutíma fullvinnandi og hlutastarfandi ásamt þeim sem vinna aðeins part úr ári
- Greiddrar og ógreiddrar yfirvinnu
- Vinnutíma í aukastarfi

Tímar dregnir frá vegna

- Opinberra frídaga
- Orlofs
- Veikinda
- Meiðsla eða tímabundinnar óvinnufærni
- Fæðingar- og foreldraorlofs
- Fræðslu og endurmenntunar
- Skerts vinnutíma vegna tæknilegra eða efnahagslegra aðstæðna
- Verkfalla
- Óveðurs
- O.fl.

Það er ljóst á ofangreindu að tölur OECD, sem Samtök atvinnulífsins nota, eru ekki heppilegar til að bera saman lengd vinnuvikunnar á milli landa. Vinnuvikan á Íslandi er löng í samanburði við önnur lönd. Þetta sýna myndir 1-2.

Áhrif nýrra tekjuskattsbreytinga á útborguð laun

Fjárlög fyrir árið 2020 voru kynnt 6. september 2019. Breyting á tekjuskattskerfinu var eitt af því stóra sem kynnt var. Breytingin felur í sér að tekið verður upp nýtt tekjuskattþrep. Að lokinni innleiðingu 2021 mun tekjuskattskerfi einstaklinga líta út líkt og tafla 1 sýnir.

Tafla 1 – Tekjuskattskerfið eftir innleiðingu 2021

	2021
Prep 1. Skatthlutfall	31,44%
Prep 2. Skatthlutfall	37,94%
Prep 3. Skatthlutfall	46,24%
Neðri þrepamörk	352.379
Efri þrepamörk	989.283
Persónuafsláttur	51.265

Tafla 2 ber saman núverandi tekjuskattskerfi við kerfið 2021 þegar búið er að færa 2021 tölurnar yfir á verðlag dagsins í dag.


Tafla 2 – Samanburður á tekjuskattskerfinu í dag og 2021 yrði það innleitt á þessu ári

	2019	2021 ef innleitt strax*
Prep 1. Skatthlutfall	36,94%	31,44%
Prep 2. Skatthlutfall	46,24%	37,94%
Prep 3. Skatthlutfall		46,24%
Neðri þrepamörk	927.087	330.225
Efri þrepamörk		927.087
Persónuafsláttur	56.447	48.042

* Tölur 2021 færðar yfir á verðlag 2019 með verðlagsforsendum frumvarpsins

Breytingarnar fela það í sér að lágar tekjur fá fleiri krónur útborgaðar en hærri tekjur. Undantekning er á launum sem ná ekki að fullnýta nýja þrepið. Á verðlagi 2019 er nýja þrepið 330.225 kr. og til að fullnýta það þrep þarf laun uppá 343.984 kr.²

Mynd 4 – Áhrif breytinga tekjuskattkerfisins á útborguð laun



Heimild: Fárlagafrumvarp 2020 og útreikningar VR

² Aðeins er greiddur skattur af 96% launa vegna 4% iðgjalds í lífeyrissjóð. Þannig er greiddur skattur af $0,96 \cdot 343.984$ kr. eða 330.225 kr. Þetta eru því þau laun sem fullnýta fyrsta þrepið.


Landsframleiðsla og hagvöxtur 2019

Á fyrri helmingi árs 2019 óx hagkerfið um 0,9% samanborið við sama tíma árið á undan. Þessi litli vöxtur skýrist af mjög slöppum fyrsta ársfjórðungi. Nokkuð mikill hagvöxtur var á öðrum ársfjórðungi eða 2,7%. Sé tekið tillit til fjölgunar landsmanna á fyrri helming ársins mældist hagvöxtur -1,3%. Þróun landsframleiðslu er sýnd á mynd 5.


Fyrsti ársfjórðungur 2019 litaðist af neikvæðum áhrifum útflutnings og þá helst þjónustuútflutningi. Þá hafði fjárfesting einnig töluvert neikvæð áhrif á hagvöxt á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Neikvæð áhrif fjárfestinga á hagvöxt mátti búast við að einhverju leyti vegna sambands fjárfestinga og fjölda byggingakrana. Mynd 6 sýnir hvernig fjárfesting og byggingakranar haldast í hendur og tóku dýfu á fyrsta ársfjórðungi 2019.

Mynd 5 – Vísitala landsframleiðslu
2008Q1 = 100




Mynd 6 – Samband fjárfestinga og fjölda byggingakrana




Mælaborð Efnahagsfirlits VR

Kaupmáttarvísitala VR og Hagstofu
Vísitölur = 100 í janúar 1990




Væntingavísitala Gallup

Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála




Verðbólga með og án húsnæðis

Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólgu markmiðs Seðlabanka Íslands




Verðbólga og verðbólgu spá til næstu þriggja mánaða

Meðaltal af spám stóru viðskiptabankanna þriggja



Raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu

Verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt með vísitölu neysliverðs án húsnæðis




Húsnæðisverð miðað við útborguð laun félagsmanna VR

Þegar línan hækkar þá er húsnæðisverð að hækka umfram útborguð laun félagsmanna VR




Mælaorð Efnahagsfirlits VR

Vextir fasteignalána og stýrivextir Seðlabankans



Útlán til heimila og fyrirtækja


Myndin sýnir útlán sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er tekið tillit til útgefina markaðsskuldabréfa³



Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR


Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna

Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af er ári




Gengi nokkurra gjaldmiðla og gengisvísitalan

Vísitölurnar sýna hvað ein eining af viðkomandi gjaldmiðli kostar




Heimild: Seðlabanki Íslands

Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR og samkvæmt Vinnumálastofnun



Vinnuskipti félagsmanna VR

Myndin sýnir hlutfall félagsmanna sem skipta um vinnu í hverjum mánuði meðal fyrirtækja innan VR



³ Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrntækja (þ.m.t. Íbúðalánasjóður)



EFNAHAGSYFIRLIT